

Minnisblað - málsnúmer 1901014

Til:	Sveitarstjórnar Dalabyggðar
Frá:	Sveitarstjóra
Efni:	Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á sveitastjórnarfundi nr. 18. ágúst 2022

Helstu viðfangsefni BBP síðustu daga og vikur;

- Undirritaður var ráðinn formlega til starfa 11. júlí s.l.
- Fundir á tímabilinu 11. júlí til 31. júlí voru með sveitarstjórn, byggðarráði, stjórn Dalagistingar ehf. og stjórn Silfurtúns, samtals 8 talsins, auk ýmissa samtala og óformlegra funda með sveitarstjórnarfólki, fráfarandi sveitarstjóra, starfsfólk í stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar og starfsfólki Silfurtúns.
- Á þessum tíma bar einna hæst að gengið frá kaupleigusamningi vegna Lauga í Sælingsdal.
- 2. ágúst var fyrsti formlegi starfsdagur á skrifstofu Dalabyggðar.

Síðan hefur t.a.m. eftirfarandi átt sér stað þó alls ekki sé um tæmandi lista að ræða;

- Samskipti við fasteignasala vegna samnings um Lauga.
- Samskipti við ýmsa aðila vegna Silfurtúns auk stjórnarfunda.
- Ýmis samtöl, tölvupóstssamskipti og símtöl, m.a. vegna fjallskila, umgengni í félagsheimilum, hreinlætismálum/umgengni á tjaldsvæði svo e.h. sé nefnt.
- Undirbúningur vegna útboðs flutninga á dýrahæjum sem samþykkt var í byggðarráði 28.07.2022.
- Undirbúningur vegna sölu á félagsheimilinu á Staðarfelli sem samþykkt var í byggðarráði 28.07.2022.
- Fundur með skólastjóra og skoðunarferð um grunn- og leikskólahúsnaði.
- Undirbúningur vegna útgáfu Dalapóstsins sem dreift var í vikunni.
- Sat fund umhverfis- og skipulagsnefndar og ýmis samskipti í aðdraganda þess fundar, m.a. vegna stofnunar lóða.
- Fundir með verkefnastjóra og samráðshóp um DalaAuði og undirbúningur íbúafundar sem haldinn verður 23. ágúst n.k. í Dalabúð.
- Fundur í Leifsbúð með alþingismönnum í NV-kjördæmi og fulltrúum þriggja landshlutasamtaka vegna atvinnamála og stöðu sauðfjárræktar í Dölum, Reykhólasveit og Strandabyggð.
- Samtal við fulltrúa Reykhólahrepps og Fjórðungssambands Vestfjarða vegna mögulegs tómstundaaksturs.
- Mætti á Sturluhátíð á Staðarhól og Tjarnarlundi laugardaginn 13. ágúst, afar vel sótt samkoma/hátíð og Dalabyggð til sóma.